

**272. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
miðvikudaginn 5. nóvember 2025 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Þórður Guðjónsson aðalmaður, Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður
Íþróttamannvirkja, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og
Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

**1. 2510044 - Beiðni ÍA um samstarf til að bæta auglýsingarmöguleika í
íþróttahúsum Akraneskaupstaðar**

Umræðu framhaldið frá síðasta fundi ráðsins.

Heiðar Mar Björnsson framkvæmdastjóri ÍA og Daníel S. Glad forstöðumaður
Íþróttamála- og Íþróttamannvirkja sitja þenna fundalið.

Skóla- og frístundaráð frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar.

2. 2505167 - Málefni leikskólastigsins 2025

Samtal skóla- og frístundaráðs við leikskólastjórnendur um málefni
leikskólastigsins.

Fundarliðinn sitja þær; Guðrún Bragadóttir aðstoðarleikskólastjóri á Akraseli, Íris
G. Sigurðardóttir leikskólastjóri á Teigaseli, Ragnheiður Dagný Ragnarsdóttir
aðstoðarleikskólastjóri á Garðaseli og Vilborg G. Valgeirsdóttir leikskólastjóri á
Vallarseli.

Skóla- og frístundaráð þakkar leikskólastjórnendum fyrir gott samtal.

3. 2509060 - Farsældarráð Vesturlands

Skóla- og frístundaráð gerir tillögu til bæjarstjórnar að fulltrúa úr ráðinu til setu í
Farsældarráði Vesturlands.

*Skóla- og frístundaráð gerir það að tillögu sinni að Liv Aase Skarstad verði fulltrúi
fyrir hönd skóla- og frístundaráðs og Akraneskaupstaðar í Farsældarráði
Vesturlands og Jónína Margrét Sigmundsdóttir verði til vara.*

4. 2510054 - Framtíð sunds og fótbolta á Jaðarsbökkum

Lögð er fram tillaga að erindisbréfi starfshóps um staðsetningu á innilaug og
keppnisvelli knattspyrnunnar á Jaðarsbökkum.

Lagt fram til kynningar.

5. 2511017 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur 2026

Núgildandi Þjónustusamningur milli Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalags

Akraness rennur út í árslok 2026. Skóla- og frístundaráð leggur til að vinna við endurskoðun hefjist strax á nýju ári.

Sviðsstjóra er falið að vinna málið áfram.

6. 2505217 - Fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2027-2029

Umfjöllun um fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 með áherslu á þá málaflokka sem heyra undir skóla- og frístundaráð

Lagt fram.

7. 2511018 - Tónlistarskólinn á Akranesi 70 ára

Þann 2. nóvember 2025 átti Tónlistarskólinn á Akranesi 70 ára starfsafmæli.

Skóla- og frístundaráð óskar Tónlistarskólanum á Akranesi innilega til hamingju með 70 ára afmælið. Ráðið lýsir yfir mikilli ánægju með það mikilvæga og metnaðarfulla starf sem tónlistarskólinn hefur sinnt frá stofnun og því ómetanlega framlagi sem skólinn hefur veitt samfélaginu öllu á Akranesi í sjö áratugi.

Tónlistarskólinn hefur á þessum tíma skapað fjölbreyttan vettvang fyrir tónlistarnám, eflt hæfileika og sköpun og verið uppspretta gleði, menntunar og auðgangi menningarstarfsemi í bæjarfélaginu.

Skóla- og frístundaráð hlakkar til áframhaldandi farsæls samstarfs og óskar tónlistarskólanum velfarnaðar á næstu árum og áratugum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.